

- Svara þarf áreiðanleikakönnun, AML, fyrir húsfélagið. Hafi það ekki verið gert áður. Tilvísun í lög um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka nr.140/2018. Könnunina er hægt að nálgast í Þjónustuveri Arion banka sími 444-7000 eða í næsta útibúi bankans.
- ✓ Hægt er að fá könnunina senda á tölvupósti til að taka með á húsfund.
 - ✓ Áður en AML er samþykkt á húsfélagið þarf gjaldkeri að vera búinn að skanna löggild skilríki, ökuskírteini eða vegabréf, hafi það ekki verið gert áður. Hægt er að sanna á sér deili með rafrænum skilríkjum á [heimasíðu bankans](#). Hægt er að fá nánari upplýsingar í Þjónustuveri Arion banka.
- Skila þarf inn afriti af fundargerð húsfundar þar sem fram kemur hverjir eru í stjórn húsfélagsins. Fundargerðin þarf að vera dagsett og undirrituð af fundarritara og að minnsta kosti einum stjórnarmanni.
- ✓ **Skila inn eyðublaðinu „Umboð til gjaldkera húsfélags og tilkynning um stjórnarkjör húsfélags“.** Gott að fara með þetta eyðublað á húsfund þar sem **meirihluti stjórnar húsfélagsins** þarf að skrifa undir umboð til gjaldkera og þeir eigendur, sem voru á löglega boðuðum aðalfundi húsfélagsins, þurfa að staðfesta kjör stjórnarinnar með undirritun sinni á tilkynninguna um stjórnarkjör.
 - ✓ **Athugið: Kjörtímabil stjórnar er eitt ár eða á milli aðalfunda. Ef fundargerð er orðin eldri en 12 mánaða, þarf að koma með nýja fundargerð þar sem endurkjör stjórnarinnar var staðfest eða þar sem fram kemur hverjir skipa nýja stjórn.**
- Þegar AML hefur verið samþykkt og öll eyðublöð rétt útfyllt er leyfilegt að stofna reikninga sem og aðrar þjónustur:
- ✓ Veltureikningur
 - Gjaldkeri undirritar og velur sér leyninúmer
 - Einnig er hægt að óska eftir debetkorti á veltureikning
 - ✓ Sparnaðarreikningur
 - Gjaldkeri undirritar og velur sér leyninúmer
 - ✓ Netbanki
 - Skila þarf inn eyðublaðinu: *Samningur um aðgang að netbanka fyrir félag/húsfélag.* Meirihluti stjórnar þarf að undirrita sem og tveir vottar. Þetta eyðublað er einnig gott að taka með á húsfélagsfund til að fá undirskriftir.
 - ✓ Innheimtuþjónusta
 - Skila þarf inn eyðublöðunum:
 - a) *Samningur um innheimtuþjónustu húsfélaga*
 - b) *Eignaskipting*
 - c) *Stofnun/breyting á gjöldum*, þar sem fram kemur hvaða gjöld húsfélagið ætlar að innheimta á eigendur
- Eyðublað varðandi Húsfélagapjónustuna er hægt að nálgast á [heimasíðu Arion banka](#)